

50. gr.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

51. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1969.

Gjört í Reykjavík, 2. júlí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965,
um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að fjárhagserfiðleikar þess lág-launafólks innan verkalýðsfélaganna, sem keypt hefur íbúðir þær, sem framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík hefur látið byggja á vegum ríkisins, séu almennt svo miklir, að yfirvofandi sé innan skamms nauðungarsala á íbúðunum, ef lánakjörum verði ekki breytt til hagsbóta fyrir það.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið.

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

3. Lán þau, sem íbúðaeigendum hafa verið veitt, samkvæmt 2. mgr. C-liðar 7. gr. laganna og eiga að greiðast upp á árunum 1969 og 1970 skulu greiðast upp með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970—1975, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1970. Jafnframt skulu vextir af lánum þessum lækka í 5% p. a. og greiðast 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.